Eftirlitshandbók – leiðbeiningar

Sauðfé og geitur

Júní 2025



Efnisyfirlit

1. Inngangur....3
1.1. Lagagrunnur....4
1.2. Verklag....4
1.3. Framkvæmd skoðunar....5
1.3.1. Undirbúningur og skipulag skoðunar....5
1.3.2. Verklag við synjun aðgangs að starfsstöðinni....6
1.3.3. Viðbrögð við óásættanlegri hegðun eftirlitsþega við eftirlitsaðila....6
1.3.4. Framkvæmd skoðunar....7
1.3.5. Myndatökur....8
1.3.6. Skoðunarskýrsla....8
1.3.7. Næsta skoðun - frestur til úrbóta....8
1.3.7. Grunur um refsivert brot....8
1.3.8. Samantekt....9
1.3.9. Gjaldtaka....9
1.3.10. Viðhalds- og úrbótaáætlanir....10
1.4. Mat á athugasemdum og eftirfylgni....10
1.4.1. Mat á athugasemdum og skoðunaratriði....10
1.4.2. Eftirfylgni – Þvingunaraðgerðir....10
II. Þáttur - Fóður....15
1. Inngangur....15
1.1. Lagagrunnur....15
1.2. Mat á athugasemdum við skoðunaratriði....15
4. Byggingar og búnaður....16
4.22. Meindýr / smitvarnir....16
4.22.1. Meindýr / smitvarnir....16
4.23. Þrif....16
4.23.1. Verklag þrifa....16
4.26. Aukaafurðir úr dýrum, úrgangur og/eða mengandi efni....16
4.26.1. Verklag við aukaafurðir úr dýrum (ABP), úrgang og/eða mengandi efni....16
5. Vörumeðferð....17
5.24. Umbúðir/beit....17
5.24.1. Verklag við umbúðir og beit....17
5.24.2. Aðskilnaður í geymslu og meðferð fóðurs....17
5.24.3. Skráningar á notkun plöntuvarnarefna og sæfiefna....17
5.24.4 Skráningar á notkun sáðvöru....18
6. Framleiðslustjórnun....18
6.21. Móttaka....18
6.21.2. Skráningar við móttöku....18
III. Þáttur - Hollustuhættir við kjötframleiðslu....19
1. Inngangur....19
1.1. Lagagrunnur....19
1.2 Mat á athugasemdum við skoðunaratriði....20
4. Byggingar og búnaður....21
4.32. Umhverfi....21
4.32.1 Umhverfi útihúsa....21
5. Vörumeðferð....21
5.33. Dýr – sjúkdómar/lyf....21
5.33.1. Sjúkdóma- og lyfjaskráning....21

7. Neytendavernd 22
7.31. Rekjanleiki 22
7.31.1. Merking gripa 22
7.31.2. Hjarðbók 22
7.31.3. Úrbætur 23
IV. Þáttur - Dýravelferð 24
1. Inngangur 24
1.1. Lagagrunnur 24
1.2 Mat á athugasemdum við skoðunaratriði 24
8. Dýrasjúkdómar 25
8.45. Smitvarnir 25
8.45.1. Kaup og sala gripa 25
8.45.2. Smitgát á býlinu 25
8.45.3 Önnur dýr í sama rými 25
8.45.4. Bólusetning gegn garnaveiki 25
9. Velferð 26
9.41. Skipulag/þekking/þjálfun/hæfni 26
9.41.1. Verklag/þekking og geta 26
9.42. Byggingar 26
9.42.1. Gólf 26
9.42.3. Sérstakar stíur 26
9.43. Búnaður 27
9.43.1. Innréttingar 27
9.43.2. Brynningartæki – aðgangur að vatni 27
9.43.3. Lýsing 27
9.43.4. Loftgæði og loftræsting 27
9.43.5. Slysavarnir 28
9.44. Aðbúnaður, umhirða og velferð 28
9.44.1. Fóðrun 28
9.44.2. Hreyfigeta 28
9.44.3. Eigið eftirlit 28
9.44.4. Hreinleiki dýra / legusvæða 29
9.44.5. Klauf- og hornhirða 29
9.44.6. Rými og þéttleiki í stíum / legurými 29
9.44.7. Útivist 29
9.44.8. Hljóðmengun 30
9.44.10. Húð og ull 30
9.44.12. Aðgerðir 30
9.44.13. Aflífun 30
9.80. Úrbætur 30
9.80.1. Úrbætur 30
V. Þáttur - Gæðastýring 31

1. Inngangur

Eftirlitshandbók þessi er ætluð starfsmönnum Matvælastofnunar sem starfa við leyfisveitingar og eftirlit hjá aðilum í frumframleiðslu sem halda dýr, framleiða matvæli úr dýraafurðum og fóður og eru undir eftirliti Matvælastofnunar skv. lögum nr. 55/2013 um dýravelferð, nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, um matvæli nr. 93/1995 og nr. 22/1994 um fóður. Eftirlitsaðilum ber að framfylgja lögum og skulu annast opinbert eftirlit í samræmi við skjalfestar verklagsreglur sem í eru fyrirmæli til starfsfólks sem sinnir opinberu eftirliti.

Tilgangur bókarinnar er að veita starfsfólki sem starfar við eftirlit með frumframleiðslu leiðbeiningar um hvernig skuli skipuleggja og framkvæma leyfisúttektir og samræmt eftirlit.

Leiðbeiningar þessar koma ekki í stað ákvæða í lögum og reglugerðum.

Eftirlitshandbókinni er skipt í inngang og fjóra efnisþætti:

- II. þáttur fjallar um eftirlit með fóðri á búum
- III. þáttur fjallar um eftirlit með hollustuháttum á búum
- IV. þáttur fjallar um eftirlit með dýravelferð og smitvarnir á búum
- V. þáttur fjallar um gæðastýringu

Breytingar frá síðustu útgáfu

2025

- Breyting gerð á kafla um eftirlit með gæðastýringu.
- Texti um gjaldtöku uppfærður í samræmi við breytingu á gjaldskrá.

2023

- Texti varðandi gjaldtöku uppfærður.
- Heiti breytt úr skoðunarhandbók í eftirlitshandbók.
- Titli skoðunarmanns breytt í eftirlitsmann.
- Myndir um ferli frávika uppfærðar.

2021

Helstu breytingar á 1. kafla eftirlitshandbókarinnar og tengdu verklagi

- Kafli 1.2 Verklag. Breyting á tilvísun í verklag um beitingu þvingana og refsinga.
- Nýr kafli 1.3.8 um grun um refsivert brot og viðbrögð við því. Texta var einnig bætt við VLY-002 með tilvísun í EBL-009 (mantra) og eftirlitshandbók. Texti var áður í VLY-045.
- Texta við myndir um viðbrögð við frávikum og alvarlegum frávikum í kafla 1.4.2 Eftirfylgni – þvingunaraðgerðir var breytt þannig að eftirlitsmaður skal ráðfæra sig við sérgreinadýralækni þegar um er að ræða alvarlegt frávik í annað sinn og ákvörðunar- og aðgerðateymi var skrifað inn í stað ´lögfræðings Samhæfingar´ áður.

- Samráð við sérgreinadýralækni var einnig skrifað inní 4. tl. VLY-002.
- Texta möntru var breytt til að gera hann einfaldari í meðförum og munnlegum flutningi. Einnig var bætt við texta um mikilvægi möntrunnar eftir mismunandi aðstæðum þegar upp kemur grunur um refsivert brot. Málum getur verið þannig háttað að það mun ekki hafa áhrif á framgang máls þó að mantran liggi ekki fyrir. Sjá kafla 1.3.8.
- Í kafla 1.3.5 um myndatökur var gerð skýrari krafa um að ávallt skuli taka myndir þegar um „Alvarlegt frávik“ er að ræða og aðstæður leyfa.
- Eftirfarandi texti er nú í kafla 1.3.6 í öllum eftirlitshandbókum:
    - Vakni grunur eftirlitsmanna í eftirliti um óviðunandi aðstæður sem eru utan starfssviðs MAST en ættu erindi til annarra yfirvalda, ætti að tilkynna það sem fyrst og tryggja að slíkar tilkynningar berist réttum aðilum. Sem dæmi um slíkar aðstæður eru félagsleg vandamál, barnaverndarmál, mansal, umhverfisvandamál (mengun) eða ófullnægjandi brunavarnir.
    - Einni málsgrein hefur verið bætt við með tilvísun í leiðbeiningar um orðalag í skýrslum að því er varðar persónuvernd.
- Nýjum kafla 1.3.3 um viðbrögð MAST við óásættanlegri hegðun af hálfu eftirlitsaðila var bætt við í nóvember 2020. Númer annarra undirkafla breyttust í samræmi við það.

Efnislegar leiðréttingar og breytingar fólust m.a. í tilvísun í löggjöf, samræmingu við skoðunaratriði í Ísleyfi, úreltur texti leiðréttur og einstaka málsgreinum bætt við.

1.1. Lagagrunnur

Sjá undir hverjum þætti.

1.2. Verklag

Gæðakerfi Matvælastofnunar byggir á verklagsreglum, vinnulýsingum og leiðbeiningum ásamt eyðublöðum og gátlistum. Eftirlitshandbækur eru leiðbeiningaskjöl í gæðahandbók Matvælastofnunar. Þessi handbók er leiðbeiningaskjal með auðkennið LBE-114 Sauðfé og geitur – eftirlitshandbók. Hún er til stuðnings vinnulýsingu VLY-002 Eftirlit; sláturhús, vinnsla matvæla og fóðurs sem tilheyrir verkferli VRF-021 Eftirlit. Beiting þvingunaraðgerða og refsiákvæða fer eftir verkferli VRF-037.

Útgáfa leyfa til frumframleiðslu afurða úr dýrum, öðrum en sauðfé og hrossum, fer eftir verkferli VRF-017.

Við skoðanir er stuðst við gátlista fyrir viðkomandi dýrategund. Niðurstöður skoðunar eru færðar í eftirlitsgagnagrunninn ÍsLeyf.

II. þáttur Fóður og III. þáttur Hollustuhættir eru í megindráttum byggðir upp á fimm köflum.

1. Inngangur
4. Byggingar, búnaður og umhverfi
5. Vörumeðferð, s.s umhirða gripa og geymsla á fóðri
6. Framleiðslustjórnun
7. Neytendavernd

Kaflar 4-7 lýsa kröfum sem gerðar eru til þess efnis sem kaflinn fjallar um og hvernig eftirliti er háttað. Hverjum kafla er skipt upp í mismunandi marga undirkafla, sem hver um sig samanstendur af nokkrum skoðunaratriðum.

IV. þáttur Dýravelferð (aðbúnaður og velferð dýra, smitvarnir) er byggður upp á þremur köflum, en þar er sama fyrirkomulag varðandi kaflaheiti og undirkafla eins og útskýrt er hér að ofan. Kaflarnir í IV. þætti heita

4. Byggingar og búnaður
8. Dýrasjúkdómar
9. Velferð (Aðbúnaður, umhirða og velferð dýra)

1.3. Framkvæmd skoðunar

Tilefni skoðana getur verið mismunandi, s.s.

- Reglubundin skoðun
- Eftirfylgniskoðun
- Ábending/kvörtun
- Sýnataka
- Umbeðin
- Annað

1.3.1. Undirbúningur og skipulag skoðunar

Að jafnaði gildir sú regla að framkvæma skoðun án þess að gera boð á undan sér, þó getur verið nauðsynlegt að hafa samband við umráðamann/rekstraraðila áður en mætt er á staðinn til að tryggja viðveru hans eða fulltrúa. Ef umráðamaður/rekstraraðili eða fulltrúi hans er ekki viðstaddur skal óskað eftir leyfi hans til að framkvæma skoðunina. Í skoðunarskýrslu skal þess getið hverjir voru viðstaddir við skoðun.

Skipulag eftirlitsferða

Æskilegt er að fara í reglubundið eftirlit á þeim árstíma þegar sauð- og geitfé er inni (IV. Þáttur Dýravelferð).

Áður en farið er í eftirlit skal athuga eftirfarandi atriði:

- Niðurstöður úr síðustu skoðun
- Úrbótaáætlun
- Kanna hvort búið sé í gæðastýringu í sauðfjárrækt
- Kanna hvort umráðamanni beri að bólusetja við garnaveiki og hvort því hafi verið framfylgt
- Upplýsingar úr búfjáreftirlitsgagnagrunninum bustofn.is (fjöldi dýra á búinu og fóðurstaða)
- Upplýsingar búsins í Fjárvís eða Heilsu (skráningar og merkingar gripa, óeðlilegar lyfjagjafir eða sjúkdómsgreiningar).

Eftirfarandi þarf að hafa meðferðis:

- Skilríki frá Matvælastofnun
- Sauðfé – gátlisti, GAT-047 og GAT-064 með frávikum
- Tæki s.s. hitamæli, rakamæli, ljósmæli, gasmæli, vasaljós og málband/lasermæli
- Sýnatökuútbúnað ef um sýnatökur er að ræða

- Hrein hlífðarföt (hlífðargalli og stígvél). Æskilegt að nota einnota skóhlífar að auki og að hafa einnota hlífðarföt til vara
- Spjaldtölva þar sem það á við
- Myndavél
- EBL-009 Yfirlýsing umráðamanns.

Fagleg nálgun:

- Eftirlitsmaður kynnir sig og lýsir tilgangi og fyrirkomulagi skoðunar fyrir umráðamanni/rekstraraðila
- Umráðamaður/rekstraraðili er upplýstur um að heimild sé fyrir myndatökum við skoðun
- Sé vitað um eða grunur er um smitsjúkdóm á býlinu skal gera sérstakar varúðarráðstafanir
- Bíll skal vera hreinn, bæði að utan og innan
- Séu fleiri með í för við skoðun, skulu þeir kynntir umráðamanni/rekstraraðila
- Eftirlitsmaður má ekki að hafa gæludýr með við skoðun
- Stígvél skulu þvegin áður en farið er úr gripahúsinu, ef ekki er notast við einnota hlífðarföt

1.3.2. Verklag við synjun aðgangs að starfsstöðinni

Samkv. matvælalögum er matvælafyrirtækjum skylt að veita óhindraðan aðgang til eftirlits á þeim stöðum þar sem framleiðsla eða dreifing matvæla á sér stað (1. mgr. 24. gr. matvælalaga). Enn fremur kemur fram að opinberum eftirlitsaðila skuli heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku, að öllum þeim stöðum sem lög þessi og stjórnvaldsreglur ná yfir og er heimilt að leita aðstoðar lögreglu ef með þarf (1. mgr. 30. gr.b sömu laga). Ekki er krafist dómsúrskurðar. Ef eftirlitsmanni er synjað um aðgang að matvælafyrirtæki er unnið skv. vinnulýsingu VLY-051.

Skv. 34. gr. laga um velferð dýra kemur fram að MAST sé heimilt að fara í eftirlitsheimsóknir á hvern þann stað sem dýr eru haldin til að kanna aðstæður og aðbúnað þeirra og við beitingu þvingunarúrræða. Ekki er heimilt að fara í þessum tilgangi m.a. í útihús án samþykkis eiganda nema að fengnum dómsúrskurði. Ef grunur er um alvarlegt brot er heimilt að leita aðstoðar lögreglu til að fara inn í útihús án dómsúrskurðar ef brýn hætta er talin á að bið eftir úrskurði valdi dýrum sem í hlut eiga skaða.

1.3.3. Viðbrögð við óásættanlegri hegðun eftirlitsþega við eftirlitsaðila

Þegar upp koma tilvik um óásættanlega hegðun eftirlitsþega/viðskiptavina mun Matvælastofnun bregðast við með hliðsjón af mati á aðstæðum og þeirri hegðun sem um ræðir. Viðbrögð geta verið allt frá munnlegri athugasemd við eftirlit allt til þess að yfirstandandi eftirlitsskoðun sé stöðvuð. Starfsfólki Matvælastofnunar er heimilt að rjúfa samskipti (s.s símtöl eða fundi) þar sem það verður fyrir óásættanlegri eða óviðeigandi framkomu.

Að meginreglu er brugðist við óásættanlegri hegðun með því að leitað er lausna á staðnum við framkvæmd eftirlits.

Þegar aðstæður eru orðnar slíkar við eftirlit að starfsmaður Matvælastofnunar er knúinn til að hafa orð á hegðun fulltrúa eftirlitsþega og beiðast vinnufriðar, mun slíkt atriði ávallt verða skráð í eftirlitsskýrslu. Yfirmaður viðkomandi eftirlitsmanns mun meta hvort ástæða er til að hnykkja á því við eftirlitsþega að til þess sé ætlast að vinnufriður sé tryggður við eftirlitsskoðun.

Dæmi um óæskilega hegðun sem unnt er að bregðast við með óformlegri hætti eru t.d.:

- Móðganir og útúrsnúningar
- Öskur og háreysti
- Gera eftirlitsmann að andlagi gríns

- Dreifa rógburði
- Hæða eftirlitsmann, hvort sem í samtali eða vitna viðurvist
- Eftirlitsaðili sé einangraður og hundsaður á starfsstöð
- Óeðlileg líkamstjáning, til þess fallin að ógna, gera lítið úr eða hæða eftirlitsmann

Þau atriði sem hér voru talin upp, og atriði sem teljast sambærileg, geta leitt til:

- Kröfu um fund yfirmanns skoðunaraðila með fulltrúa starfsstöðvar þar sem gerð verður krafa um að til aðgerða verði gripið svo eftirlit fari ótruflað fram.
- Að eftirlitsskoðun verði framkvæmd af tveimur skoðunaraðilum í stað eins. Sá umframkostnaður sem af hlýst greiðist af eftirlitsþega.

Í undantekningatilvikum getur Matvælastofnun gripið til þess ráðs, tímabundið, að láta nýjan skoðunaraðila framkvæma eftirlit. Þetta getur átt við í þeim tilfellum þar sem atburðarrás er óljós og málið í rannsókn. Að meginreglu mun eftirlitsaðili snúa aftur til eftirlits á starfsstöð um leið og staðreyndir máls eru kunnar.

Verulega óásættanleg hegðun

Dæmi um verulega óæskilega hegðun eru t.d.:

- Líkamsárás
- Niðurlægjandi framkoma á grundvelli kynferðis
- Niðurlægjandi framkoma á grundvelli kynvitundar
- Niðurlægjandi framkoma á grundvelli kynhneigðar
- Niðurlægjandi framkoma á grundvelli menningarlegs uppruna
- Niðurlægjandi framkoma á grundvelli kynþáttar
- Ógnun og/eða hótun um beitingu ofbeldis
- Ógnun eða hótun um félagslegar afleiðingar
- Endurtekin óásættanleg hegðun. (sbr. kafla þar að lútandi)

Í ákveðnum tilfellum getur það verið mat Matvælastofnunar að óforsvaranlegt sé að halda áfram eftirliti við óbreyttar aðstæður. Í einhverjum tilvikum getur það þýtt að stöðva þurfi starfsemi tímabundið. Í öðrum tilfellum getur það þýtt að eftirlitsskýrsla er kláruð á grundvelli þeirra gagna sem fram hafa komið. Þegar svo háttar til er eftirlitsmanni skylt að skrá þau atriði sem ekki var hægt að hafa eftirlit með sem „frávik“. Framhald eftirlits mun þá fara fram á grundvelli verklagsreglna Matvælastofnunar þegar upp koma frávik.

Það er stefna Matvælastofnunar að allt ofbeldi og hótanir um ofbeldi í garðs starfsmanna stofnunarinnar er kært til lögreglu. Er það til viðbótar öðrum aðgerðum sem stofnunin kann að grípa til til að vernda starfsfólk sitt og tryggja því boðlegt starfsumhverfi.

Sjá einnig kafla 3.7 í starfsmannahandbók MAST (S:/Starfsmannahandbók). Lögfræðingar Samhæfingar og þjónustu sjá um kæruferlið.

1.3.4. Framkvæmd skoðunar

- Dagsetning skoðunar skal skráð
- Farið yfir grunnupplýsingar um eftirlitsstaðinn í ÍsLeyfi, s.s. kennitölu og nafn umráðamanns/rekstraraðila, símanúmer, netfang o.fl.
- Skýringar á frávikum skal skrá við viðeigandi skoðunaratriði. Skrá skal hvað er athugavert en ekki tillögur að lausnum
- Forðist deilur, reynið frekar að upplýsa um tilgang
- Við ógnandi framkomu umráðamanns/rekstraraðila ber að hætta skoðun, skrá þá niðurstöðu og ráðfæra sig við næsta yfirmann
- Að lokinni skoðun fer eftirlitsmaður yfir framkomin frávik með umráðamanni/rekstraraðila. Skýringar hans, ef einhverjar eru, skulu skráðar
- Eftirlitsmaður upplýsir um atriði eins og afhendingu skýrslu, tímamörk á úrbótum frávika o.fl.

1.3.5. Myndatökur

Myndir geta verið gagnlegar og veita oft betri upplýsingar en texti. Hægt er að setja myndir inn á hvert skoðunaratriði sem stuðning við lýsingu á athugasemd. Þar sem skoðun á býli með fjölbreytta starfsemi getur verið yfirgripsmikil er gott að nota myndir til minnis við skrif á skýrslu. Heimilt er skv. 1. mgr. 34. gr. laga um velferð dýra og 30. gr. laga um matvæli að taka myndir á vettvangi. Ávallt skal taka myndir þegar um „Alvarlegt frávik“ er að ræða og aðstæður leyfa. Einnig er hægt að nota myndir sem sönnun þess að athugasemdum hafi verið sinnt og úrbótum lokið.

1.3.6. Skoðunarskýrsla

Þegar skýrslan hefur verið yfirfarin í ÍsLeyfi er hún send til umráðamanns/rekstraraðila í tölvupósti. *Skýrslan skal að öllu jöfnu vera send sjö virkum dögum eftir að skoðun fór fram.* Þegar umráðamaður/rekstraraðili opnar skýrsluna er staðfesting skráð í ÍsLeyf. Ef skýrslan er ekki opnuð eða ef umráðamaður/rekstraraðili er ekki skráður með netfang er skýrslan prentuð út og send viðkomandi í pósti. Eftirlitsmaður sem skráir og sendir skýrslu er ábyrgur fyrir framkvæmdinni sem kemur fram hér að ofan.

Ef eftirlitsheimsókn og/eða ritun skýrslu tengist ábendingu eða umsókn úr þjónustugátt er númer ábendingar/málsnúmer umsóknar skráð í reitinn ´**Nánari lýsing**´ þegar skýrsla er stofnuð í Ísleyfi.

Mikilvægt er að ávallt sé vandað til orðanotkunar í skoðunarskýrslum þegar vísað er til eftirlitsþega. Álit eftirlitsaðila á aðstæðum eða persónum, annað en faglegt, á ekki erindi í skoðunarskýrslur. Leiðbeiningar MAST, LBE-155 um skráningu í kerfi stofnunarinnar með tilliti til persónuverndar, eru einnig leiðbeinandi hvað þetta varðar.

Vakni grunur eftirlitsmanna í eftirliti um óviðunandi aðstæður sem eru utan starfssviðs MAST en ættu erindi til annarra yfirvalda, ætti að tilkynna það sem fyrst og tryggja að slíkar tilkynningar berist réttum aðilum. Sem dæmi um slíkar aðstæður eru félagsleg vandamál, barnaverndarmál, mansal, umhverfisvandamál (mengun) eða ófullnægjandi brunavarnir.

1.3.7. Næsta skoðun - frestur til úrbóta

Tímasetning næstu skoðunar miðast út frá þeim skoðunaratriðum sem hafa stysta tímafrestinn til úrbóta. Áætluð tímasetning á næstu skoðun, sem getur verið reglubundin eða eftirfylgni, kemur fram á fyrstu síðu skýrslunnar og hefur umráðamaður/rekstraraðili að jafnaði þann tímafrest til úrbóta.

Sé um eftirfylgni að ræða kemur fram á skýrslu áætluð dagsetning eftirfylgniskoðunarinnar. Sé um reglubundna skoðun að ræða leitast eftirlitsmaður við að upplýsa umráðamann/rekstraraðila um áætlaða tímasetningu næstu skoðunar. Hafa ber í huga niðurstöður eftirlits og eftirlitsáætlun sem byggð er á áhættumati og grunneftirlitsþörf starfsstöðvarinnar.

1.3.7. Grunur um refsivert brot

Vakni grunur um refsivert brot á velferð dýra skal eftirlitsmaður (skm) MAST meta hvort aðstæður gefa ástæðu og tækifæri til að fara með möntruna við aðila máls (sjá neðar). Ef það er ekki unnt færist þessi skylda til HD sbr. lið 3. Skm upplýsir áað-teymi um málið eins fljótt og unnt er. Sjá einnig VLY-002.

Skm upplýsir eftirlitsþega/umráðamann á staðnum um að rökstuddur grunur sé um að viðkomandi hafi gerst sekur um lögbrot (lýst í stuttu máli í hverju það felst) og að honum sé heimilt að neita að svara frekari spurningum eða afhenda gögn og muni um brotið. Jafnframt skal koma fram að brotið getur leitt

til álagningar stjórnvaldssekta af hálfu MAST eða kæru til lögreglu (mantra). Umráðamaður er jafnframt beðinn um að undirrita yfirlýsingu (EBL-009) þess efnis að hann þekki rétt sinn og hafi verið kynntir málavextir. Kjósi umráðamaður að tjá sig um málið skal það skráð sem fram kemur og mikilvægt getur talist fyrir málsmeðferð. Skm heldur einu undirrituðu eintaki, umráðamaður öðru. Afrit skm má vera mynd af útfylltu eyðublaði sem, eftir atvikum, sett er inn í málið eftir stofnun þess og/eða vistuð í ÍsLeyfi.

Eftirfarandi texti skal kynntur umráðamanni/eftirlitsþega (Mantra):

Rökstuddur grunur er um að hér hafi verið framið alvarlegt brot á velferð dýra sem varðar við lög um dýravelferð. Þér er heimilt að neita að svara frekari spurningum eða afhenda gögn og muni um brotið. Brotið getur leitt til álagningar stjórnvaldssekta af hálfu Matvælastofnunar eða kæru til lögreglu.

Skm skráir frávikið í ÍsLeyf í viðkomandi skoðunaratriði. Undir flipanum „Handbók“ nær eftirlitsmaður í viðeigandi texta til að setja undir „Athugasemdir“ í skýrslu. Málsatvikum og aðstæðum skal lýst á greinargóðan hátt, sbr. atriði sem fram koma í LBE-124. Myndir eru teknar ef við á og vitni tiltekin ef einhver eru. Skm hakar við ´senda á ÁAÐ-teymi´ í Ísleyfi. Hann stofnar einnig mál í samræmi við tl. 1 í VLY-045.

1.3.8. Samantekt

Þegar það á við eru helstu niðurstöður eftirlitsmanns teknar saman í lok skýrslugerðar og skráðar í „Aðrar athugasemdir/upplýsingar“. Þar er t.d. tekið fram:

- Hvað vel hefur verið gert
- Ábendingar um hvað mætti betur fara
- Áherslur eftirlitsmanns um eftirfylgni – þvingunarúrræði, andmæli veitt á vettvangi o.s.frv.
- Nöfn annarra eftirlitsmanna Matvælastofnunar en skýrsluhöfundar
- Leiðbeinandi umfjöllun um leyfi annarra yfirvalda t.d. heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga á hverjum stað

  Við áberandi hnignun beitilands, sem ekki gefur af sér næga beit fyrir það búfé sem þar gengur, skal senda ábendingu til Landgræðslunnar

Ef grunur vaknar um refsivert brot á velferð dýra skal setja þennan texta inn í skýrslu (s.k. mantra), sjá nánar kafla 1.4.2 Eftirfylgni – Þvingunaraðgerðir og EBL-009.
„Eftirlitsþegi/umráðamaður var upplýstur um að rökstuddur grunur væri um að hann hefði gerst sekur um lögbrot vegna (og nefna skoðunaratriði) og var honum leiðbeint um réttindi sín þess efnis að hann hefði rétt til að neita að svara spurningum eða afhenda gögn eða muni um brotið. Þá var hann jafnframt upplýstur um að brotið gæti leitt til álagningar stjórnvaldsektar af hálfu Matvælastofnunar eða kæru til lögreglu.“

1.3.9. Gjaldtaka

Gjald er tekið fyrir þá þjónustu og þau verkefni sem Matvælastofnun eru falin í lögum og reglugerðum og heimilt er að taka gjald fyrir. Innheimt er fyrir undirbúning, eftirlit/þjónustu og frágang ásamt ferðatíma. Ekki er innheimt hærra tímagjald en 1 klst. vegna aksturs fyrir hvert eftirlit/þjónustu. Innheimt er fyrir hvern hafinn stundarfjórðung. Gjöld eru samkvæmt gildandi gjaldskrá hverju sinni. Gjaldskrá er endurskoðuð fyrir lok hvers árs.

1.3.10. Viðhalds- og úrbótaáætlanir

Athugasemdir sem eru færðar inn í viðhalds- og úrbótaáætlanir úr eigin athugunum umráðamanns/rekstraraðila, metast ekki til frávika, nema þau séu komin fram yfir áætlaðan tíma eða ef áætlunin ber með sér að ekki sé eftir henni farið varðandi viðhald og úrbætur athugasemda.

Taka skal mið af viðhalds- og úrbótaáætlun í þeim tilvikum þegar unnið er að úrbótum til lengri tíma. Athugasemd sem er þegar á úrbótaáætlun hjá umráðamanni/rekstraraðila, skal skrá á skýrslu sem „Úrbótaáætlun“ ásamt dagsetningu en ekki sem „Frávik“.

1.4. Mat á athugasemdum og eftirfylgni

1.4.1. Mat á athugasemdum og skoðunaratriði

Við skoðun hjá frumframleiðendum verða til tvær skýrslur, ein vegna fóðurs og hollustuhátta (þættir II. og III.) og önnur vegna dýravelferðar (þáttur IV.). Þetta skýrist af því að ekki er um sambærilega löggjöf að ræða og geta því þvingunarúrræði verið mismunandi.

Við skoðun sérhvers skoðunaratriðis skal skrá allar athugasemdir. Í upphafi hvers þáttar er yfirlit yfir skilgreiningar á „Frávik“ og „Alvarlegt frávik“. Athugið að skilgreiningar á „Frávik“ og „Alvarlegt frávik“ eru ekki þær sömu í þáttum II. Fóður og III. Hollustuhættir og svo aftur í þætti IV. Dýravelferð.

1.4.2. Eftirfylgni – Þvingunaraðgerðir

Vinnuferli Matvælastofnunar og afleiðingar:

Í kjölfar skoðunar er vinnulag Matvælastofnunar staðlað og sett hér fram á myndrænan hátt, sjá myndir um „Frávik“ og „Alvarleg frávik“. Þegar málum er vísað til teymis til þvingunar og/eða refsingar, er unnið skv. VRF-037.

Frestir til að bæta úr atriðum vegna „Alvarlegra frávika“ eru stuttir, geta verið nokkrar klukkustundir, fáeinir dagar eða vikur og aldrei lengri en tilgreindir eru á myndinni. Að jafnaði eru hámarksfrestir nýttir þegar úrbætur eru hafnar en ekki lokið að fullu.

Matvæli og fóður

Ef ekki verður brugðist við þeim athugasemdum sem gerðar hafa verið bendir eftirlitsmaður á að samkvæmt verklagi Matvælastofnunar verður gripið til þvingunarúrræða sbr. 30. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

„Samkvæmt 20. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli er framleiðsla og dreifing matvæla háð leyfi Matvælastofnunar. Stofnuninni er heimilt að stöðva starfsemi að hluta eða í heild ef um er að ræða starfsemi þar sem rökstuddur grunur er um að matvæli séu heilsuspillandi, óhæf til neyslu eða valdi tjóni á öðrum hagsmunum, sbr. 1. mgr. 30. gr. laganna og/eða stunduð án tilskilins leyfis, sbr. 2. mgr. 30. gr. laganna“.

Dýravelferð

Matvælastofnun beitir þvingunum til að þvinga fram úrbætur og beitir stjórnvaldssektum sem refsingu fyrir framin brot, heimilt er að leggja á stjórnvaldssekt strax við fyrsta brot. Refsing getur einnig leitt til kæru til lögreglu.

Andmæli eru veitt á staðnum í þeim tilfellum þegar frestur sem veittur er til úrbóta er styttri en heföbundinn 14 daga andmælafrestur,.

Farið er yfir skoðunarskýrslu með umráðamanni/rekstraraðila og honum gerð grein fyrir niðurstöðum og hvaða kröfur stofnunin hyggst gera varðandi úrbætur og tímafrest. Því næst er umráðamaður/rekstraraðili upplýstur um andmælarétt sinn og honum gefinn kostur á að koma þeim á framfæri.

Þvinganir til að ná fram úrbótum geta verið eftirfarandi:

- Dagsektir, allt að kr. 100.000,- á dag
- Takmörkun eða stöðvun starfsemi að hluta- eða öllu leyti
- Haldlagning tækja og tóla
- Verk unnið á kostnað eiganda
- Vörslusvipting á hluta hjarðar eða á allri hjörðinni

Stjórnvaldssektir eru refsing fyrir framið brot og geta verið:

- Allt að kr. 1.000.000,-, allt eftir þeim áhrifum sem brotið hefur á dýrið, fjölda dýra sem brotið er á og hversu lengi brotið hefur varað
- Sé um hagnaðarbrot að ræða er heimilt að sekta um allt að kr. 5.000.000,-

Sjá einnig LBE-124 um mat á aðgerðum vegna brota á velferð dýra og/eða frávika í frumframleiðslu.

Matvælastofnun birtir almennar fréttir um álagningu dagsekta og ákvarðanir um stjórnvaldssektir. Stofnunin afhendir upplýsingar um dýrahald í atvinnuskyni þegar það varðar hagsmuni almennings og er ekki andstætt lögum.

Ef ekki verður brugðist við þeim athugasemdum sem gerðar hafa verið bendir eftirlitsmaður á að samkvæmt verklagi Matvælastofnunar verður gripið til þvingunarúrræða sbr. 35. gr. (stöðvun starfsemi), 36. gr. (dagsektir og úrbætur á kostnað umráðamanns) 37. gr. (vörslusvipting dýra og haldlagning) og 42. gr. (stjórnvaldssektir) laga um velferð dýra nr. 55/2013.

Samkvæmt 44. gr. laga um velferð dýra má með dómi svipta aðila heimild til að hafa dýr í sinni umsjá, versla með þau eða sýsla með þau með öðrum hætti, hafi hann gerst sekur um stórfellt eða ítrekað brot á lögum um velferð dýra eða reglugerðum settum með stoð í þeim.

Heimilt er að krefja umráðamann dýra og aðila sem er ábyrgur fyrir starfsemi sem lögin ná til um endurgreiðslu kostnaðar vegna 37.-39. gr. og 44. gr. skv. 40. gr. laga nr. 55/2013.

Meðalhófsreglan


Hafa verður hliðsjón af þeirri meginreglu stjórnarfarsréttarins, að stjórnvald skuli ekki fara strangar í sakir en nauðsynlegt er til að leysa það viðfangsefni, sem stjórnvaldinu er falið.

Meginsjónarmiðin að baki reglunni eru þau að stjórnvaldi sé ekki aðeins skylt að líta til þess markmiðs sem starf þess stefnir að, heldur beri því einnig að taka tillit til hagsmuna og réttinda þeirra aðila sem


athafnir stjórnvalda og valdbeiting beinist að. Ber stjórnvöldum að fara ákveðinn meðalveg á milli þessara andstæðu sjónarmiða.

Þetta þýðir að áður en stjórnvald tekur ákvörðun um þvingunarúrræði verður stjórnvaldið að hafa gengið úr skugga um að markmiðum laganna verði ekki náð með öðru eða vægara móti.

Vinnulag Matvælastofnunar varðandi “Frávik” er varðar dýrahald. Á bæði við um aðbúnað dýra og matvælaframleiðslu



Vinnulag Matvælastofnunar varðandi “Alvarlegt frávik” er varðar dýrahald. Á bæði við um aðbúnað dýra og matvælaframleiðslu



II. Þáttur - Fóður

1. Inngangur

1.1. Lagagrunnur

Lög nr. **22/1994** um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru eru lögð til grundvallar í II. þætti eftirlitshandbókarinnar.

Reglugerðir sem stuðst er við í II. þætti eftirlitshandbókarinnar eru eftirfarandi:

- Reglugerð nr. **107/2010** um gildistöku reglugerðar EB nr. **183/2005** um kröfur varðandi hollustuhætti sem varða fóður
- Reglugerð nr. **102/2010** um gildistöku reglugerðar EB nr. **178/2002** um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla
- Reglugerð nr. **674/2017** um gildistöku reglugerðar EB nr. **1069/2009** um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og reglugerðar EB nr. **142/2011** um framkvæmd reglugerðar EB nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis.

1.2. Mat á athugasemdum við skoðunaratriði

Athugasemdir geta fengið þrenns konar vægi skv. eftirfarandi:

LS = Lagfært á staðnum:
Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem víkur frá ákvæðum laga eða reglugerða, sem hægt er að lagfæra á meðan skoðun fer fram eða tilvikið það lítilfjörlegt að það verður augljóslega lagfært strax að lokinni skoðun.

F = Frávik:
Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem víkur frá ákvæðum laga eða reglugerða, sem með óbeinum hætti getur leitt til framleiðslu óöruggra matvæla, en það eru matvæli sem eru álitin heilsuspillandi og/eða óhæf til neyslu.
Úrbætur verða metnar í næstu reglubundinni skoðun eða að loknu næsta áætlaða vinnslu- og viðgerðarstoppi. Athugasemdin leiðir að öllu jöfnu ekki til sérstakrar eftirfylgni.

A = Alvarlegt frávik:
Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem víkur frá ákvæðum laga eða reglugerða, sem með beinum hætti getur leitt til framleiðslu matvæla sem eru álitin heilsuspillandi.
Úrbótum skal ljúka innan 7 virka daga, en ef athugasemdin gefur tilefni til, er gripið til þvingunarúrræða strax, samkvæmt VLY-051. Athugasemdin krefst að jafnaði skjótrar eftirfylgni.

ÚÁ = Sett á úrbótaáætlun:
*Þegar athugasemd sem er **fyrir á skýrslu** og búið er að setja á úrbóta- og/eða viðhaldsáætlun er merkt við „Sett á úrbótaáætlun“, auk þess er sett inn dagsetning á hvenær fyrirhuguðum úrbótum eða viðhaldi verði lokið.*

4. Byggingar og búnaður

4.22. Meindýr / smitvarnir

Tilvísun: III. viðauki reglugerðar nr. 183/2005/EB (107/2010) og 47. gr. efnalaga nr. 61/2013.

4.22.1. Meindýr / smitvarnir

Tryggja skal að meindýr komist ekki í fóður til að halda mögulegri mengun í lágmarki.

Eitur má ekki nota í sama rými og fóður er geymt t.d. í hlöðum eða fóðurgeymslum.

- Eru meindýravarnir viðhafðar til að fyrirbyggja að meindýr komist í fóður?
- Kannið hvort gildrur og/eða eitur sé á staðnum
- Kannið hvort megi sjá ummerki um meindýr (t.d. mýs, rottur, fugla eða skordýr) í fóðri. Ef eitur er notað, hefur viðkomandi hlotið þjálfun og leyfi til notkunar eiturs? Skoða staðfestingu þess efnis
- Kanna samning við meindýraeyði eða kvittun (láta senda eftirlitinu eftir á ef kvittun/samningur er ekki á staðnum)

4.23. Þrif

Tilvísun: III. viðauki reglugerðar nr. 183/2005/EB (107/2010) um kröfur varðandi hollustuhætti sem varða fóður.

4.23.1. Verklag þrifa

Umráðamaður/rekstraraðili skal halda hreinni aðstöðu, búnaði, ílátum, grindum og farartækjum, sem eru notuð til að framleiða, tilreiða, flokka, geyma og flytja fóður, og sótthreinsa á viðeigandi hátt að lokinni hreinsun ef nauðsyn krefur.

Fóður- og brynningarbúnaður skal hannaður og komið fyrir þannig að auðvelt er að halda hreinu og mengun fóðurs og vatns sé í lágmarki.

- Kannið hvort fóðurgjafar- og brynningarbúnaður sé þrifinn reglulega
- Kannið hvort umgengni í fóðurgeymslum sé ásættanleg
- Eru fóðurgeymslur yfirbyggðar og heilar?
- Er moð og aðrar fóðurrestar fjarlægt jafnóðum?

4.26. Aukaafurðir úr dýrum, úrgangur og/eða mengandi efni

Tilvísun: 21. gr. reglugerðar nr. 1069/2009/EB (674/2017) um aukaafurðir úr dýrum og VIII. viðauki reglugerðar nr. 142/2011/EB um framkvæmd reglugerðar nr. 1069/2009/EB.

4.26.1. Verklag við aukaafurðir úr dýrum (ABP), úrgang og/eða mengandi efni

Umráðamaður skal geyma og meðhöndla úrgang, spilliefni og hættuleg efni (t.d. olíur, rafgeyma og hreinsiefni) á aðskilinn og öruggan hátt þannig að ekki hljótist mengun af.

- Er aðstaða til förgunar úrgangs fullnægjandi (t.d spilliefni, hræ, o.s.frv.)?
- Kannið hvort úrgangi og dýrahræjum er fargað reglulega og hvernig því er háttað, t.d. hvaða fyrirtæki sér um að fjarlægja úrgang

5. Vörumeðferð

5.24. Umbúðir/beit

Tilvísun: A- og B-hluti I. viðauka og 1. og 2. liður III. viðauka reglugerðar nr. 183/2005/EB (107/2010) um kröfur varðandi hollustuhætti sem varða fóður. 6. gr. reglugerðar 674/2017 (innleiðing 1069/2009/EB).

5.24.1. Verklag við umbúðir og beit

Umráðamaður skal tryggja að efni, sem notað er í umbúðir, valdi ekki hættulegri mengun fóðurs. Endurnýting umbúða er að öllu jöfnu ekki leyfð en sé smithætta frá umbúðum í lágmarki gerir Matvælastofnun til dæmis ekki athugasemdir við að notaðir séu stórsekkir undan hveiti, sykri og öðrum matvælum undir súrsað eða þurrkað korn.

Nýting bithaga og ræktarlands til beitar skal háttað þannig að mengun matvæla úr dýraríkinu vegna eðlis-, líf- eða efnafræðilegrar hættu sé haldið í lágmarki.

Taka þarf mið af veðráttu og tegund húsdýraáburðar. Beita sjónmati, augljós smithætta/mengun. Sérstaklega skal athugað hvort molta eða kjötmjöl sé notað, en sé þessi áburður notaður þarf að fara eftir 6. gr. reglugerðar nr. 674/2017 (bera þessi efni á fyrir 1. nóv. og beita eftir 1. apríl árið eftir).

- Ef umbúðir (sekkir) eru endurnýttar, eru þær þá þrifnar á fullnægjandi hátt?
- Kanna skal hve langur tími líður frá áburðardreifingu og fram að beit. Er skráð hvað er borið á og hvar?

5.24.2. Aðskilnaður í geymslu og meðferð fóðurs

Kanna skal hvort heybaggar séu heilir og geymdir við fullnægjandi skilyrði og varðir fyrir ágangi dýra (fugla, húsdýra og nagdýra). Plast utan um heybagga þarf að haldast heilt og útistæður skulu geymdar á þurrum og hreinum stað.

Fóður má ekki geyma í óviðeigandi rými (t.d. salerni, hreinsiefnageymslu, verkfærageymslu og verkstæði).

- Athugið hvort að fóður sé geymt á öðrum stöðum en í fóðurgeymslu, t.d. vegna plássleysis, og hvort þeir staðir uppfylli kröfur

5.24.3. Skráningar á notkun plöntuvarnarefna og sæfiefna

Umráðamaður bús skal halda skrár um alla notkun plöntuvarnarefna og sæfiefna. Fara skal eftir leiðbeiningum varðandi notkun plöntuvarnarefna og sæfiefna. Einnig skal skrá sölufyrirtæki, heiti efnis og notkun, þ.e. hve mikið var notað, hvar og á hvaða tíma.

5.24.4 Skráningar á notkun sáðvöru

Umráðamaður bús skal halda skrá alla notkun sáðvöru á búi sínu.

- Kannið hvaða frætegund var notuð, hvar hún var notuð og sölufyrirtæki frætegundar

6. Framleiðslustjórnun

6.21. Móttaka

Tilvísun: 18. gr. reglugerðar nr. 178/2002/EB (102/2010) um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla.

6.21.2. Skráningar við móttöku

Til að tryggja rekjanleika skal umráðamaður/rekstraraðili bús halda skrár um uppruna og magn fóðurs sem keypt er inn.

- Skoðið hvaðan býlið kaupir fóður. Eru birgjar býlisins skráðir eða samþykktir?
- Er til skrá yfir hvaðan og hversu mikið er keypt af fóðri?
- Er til skrá yfir hvert og hversu mikið er afhent af fóðri? Skoða skrár. Athuga sérstaklega hvort býlið kaupir óvanalegt fóður og hvaðan slíkt fóður kemur, t.d. saltaðar fiskafurðir, brauð, ávextir, grænmeti og fleira af slíku tagi og hvort kjötafurðir kunna að leynast í fóðrinu
- Er aðkeypt fóður merkt? Skoða merkimiða, er nafn fóðurs, framleiðanda, samþykkisnúmer, magn og innihaldslýsing á miðanum á íslensku?

III. Þáttur - Hollustuhættir við kjötframleiðslu

1. Inngangur

1.1. Lagagrunnur

Hollustuhættir

Lög nr. 93/1995 um matvæli og lög nr. 96/1997 um slátrun og sláturafurðir eru lögð til grundvallar í III. þætti skoðunarbókarinnar.

Reglugerðir sem stuðst er við í III. þætti eftirlitshandbókarinnar eru eftirfarandi:

- Reglugerð nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar EB nr. 852/2004 um hollustuhætti er varða matvæli, I. viðauki A-hluti, fjallar um almenn ákvæði um hollustuhætti við frumframleiðslu og tengda starfsemi
- Reglugerð nr. 916/2012 um merkingar búfjár
- Reglugerð nr. 539/2000 um heimildir dýralækna til að ávísa lyfjum
- Reglugerð nr. 1266/2017 um lyfjaávísanir og afhendingu lyfja
- Reglugerð nr. 1066/2014 um velferð sauðfjár og geitfjár
- Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.

Þá skal eftirlit með dýraafurðum byggjast á reglum um fyrirkomulag opinbers eftirlits:

- Reglugerð nr. **106/2010** um gildistöku reglugerðar EB nr. 882/2004 um opinbert eftirlit.

1.2 Mat á athugasemdum við skoðunaratriði

Athugasemdir geta fengið þrenns konar vægi skv. eftirfarandi:

LS = Lagfært á staðnum:
Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem víkur frá ákvæðum laga eða reglugerða, sem hægt er að lagfæra á meðan skoðun fer fram eða tilvikið það lítilfjörlegt að það verður augljóslega lagfært strax að lokinni skoðun.

F = Frávik:
Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem víkur frá ákvæðum laga eða reglugerða, sem með óbeinum hætti getur leitt til framleiðslu óöruggra matvæla, en það eru matvæli sem eru álitin heilsuspillandi og/eða óhæf til neyslu.
Úrbætur verða metnar í næstu reglubundinni skoðun eða að loknu næsta áætlaða vinnslu- og viðgerðarstoppi. Athugasemdin leiðir að öllu jöfnu ekki til sérstakrar eftirfylgni.

A = Alvarlegt frávik:
Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem víkur frá ákvæðum laga eða reglugerða, sem með beinum hætti getur leitt til framleiðslu matvæla sem eru álitin heilsuspillandi.
Úrbótum skal ljúka innan 7 virka daga, en ef athugasemdin gefur tilefni til, er gripið til þvingunarúrræða strax, samkvæmt VLY-051. Athugasemdin krefst að jafnaði skjótrar eftirfylgni.

ÚÁ = Sett á úrbótaáætlun:
Þegar athugasemd sem er **fyrir á skýrslu** og búið er að setja á úrbóta- og/eða viðhaldsáætlun er merkt við „Sett á úrbótaáætlun“, auk þess er sett inn dagsetning á hvenær fyrirhuguðum úrbótum eða viðhaldi verði lokið.

4. Byggingar og búnaður

4.32. Umhverfi

Tilvísun: A-hluti I. viðauka reglugerðar nr. 852/2004/EB (103/2010) og 12., 14. og 16. gr. reglugerðar nr. 1066/2014.

4.32.1 Umhverfi útihúsa

Tryggja skal eins og framast er unnt að féð sé varið fyrir mengun og sjúkdómum. Umhverfi fjárhúss og geithúss skal vera þrifalegt til varnar því að óhreinindi berist inn í húsin eða dragi að sér meindýr. Þannig skal svæði fyrir framan dyr vera malarborið eða með varanlegu slitlagi til þess að fé óhreinkist ekki. Farartæki sem koma með fóður og önnur aðföng og flytja afurðir, dýr eða aðrar vörur að og frá búinu skulu geta ekið á malarbornu eða föstu undirlagi.

5. Vörumeðferð

5.33. Dýr – sjúkdómar/lyf

Tilvísun: A-hluti I. viðauka reglugerðar nr. 852/2004/EB (103/2010), reglugerð nr. 1266/2017, reglugerð nr. 539/2000 og 13. gr. reglugerðar nr. 916/2012.

5.33.1. Sjúkdóma- og lyfjaskráning

Rekstraraðili ber ábyrgð á því að sjúkdóma- og lyfjaskráningar séu gerðar. Rekstraraðili verður að vita og hafa skráðan afurðanýtingafrest fyrir öll lyf sem hann og/eða dýralæknir gefur. Dýralæknar geta skráð sjúkdómsgreiningu, lyfjanotkun og lyfjaafhendingu fyrir sauðfé í miðlæga gagnagrunninn Heilsu (bufjarheilsa.is) og flytjast þær skráningar sjálfkrafa í hjarðbókina Fjárvís. Rekstraraðili uppfyllir skyldur sínar með því að fylgjast með að skráningar dýralæknis skili sér í Fjárvís og með því að skrá eigin lyfjanotkun í Fjárvís.

Hafi rekstraraðili ekki aðgang að rafrænum skráningum í Fjárvís, eða hafi dýralæknir ekki skráð rafrænt, ber rekstraraðila að skrá sjúkdóma og lyfjanotkun á pappír (heilsukort) eða á annan sambærilegan hátt og skal þá eftirfarandi koma fram:

- Dagsetning, hvenær lyfið er notað
- Númer á gripnum
- Hvaða lyf er notað
- Hvernig á að nota lyfið (í æð, vöðva, kjaft)
- Bann við afurðanýtingu á mjólk og kjöti
- Sjúkdómsgreining

Á heimasíðu Matvælastofnunnar má sjá dæmi um heilsukort sem stofnunin samþykkir - sjá Lyfjaskráningar úr lyfjageymslu – Heilsukort fyrir búfé

- Eftirlitsmaður fylgist með hvort dýralyf séu notuð á réttan hátt og hvort afurðanýtingarfrestir séu skráðir og virtir. Eftirlitsmaður fer yfir lyfja- og sjúkdómaskráningar. Hann getur rakið dæmi.
- Eftirlitsmaður fylgist með hvort notuð séu lyf sem innihalda ólögleg efni sem bannað er að gefa dýrum sem gefa af sér afurðir til manneldis. Eftirlitsmaður er vakandi fyrir notkun lyfja sem ekki eru markaðssett eða á undanþágu hér á landi (smygluð).

Dýralæknir sem notar eða afhendir undanþágulyf (óskráð eða mannalyf) ber ábyrgð á notkuninni og afurðanýtingarfresti. Þessar upplýsingar, notkunarleiðbeiningar og afurðanýtingarfrestur skulu koma fram á áritunarmiða lyfjanna.

Við brot á reglugerðum er varðar merkingar dýralæknis á afhentu lyfi og heimild dýralækna um ávísun á dýralyfi skal skrá á gátlista og upplýsa sérfræðing lyfjamála hjá Matvælastofnun. Ekki er um frávik á rekstraraðila að ræða. Finnist ólöglegt lyf ber eftirlitsmanni að leggja hald á það og skrá það við skoðunaratriðið, útrunnin lyf eða vanmerkt lyf teljast ekki til ólöglegra lyfja.

Ef útrunnin lyf finnast skal eftirlitsmaður hvetja bónda til að farga lyfinu rétt, t.d. skila til förgunar í apóteki, en einnig er hægt að afhenda eftirlitsmanni lyfin á staðnum.

- Eftirlitsmaður skráir í athugasemdir hvaða leið er farin finnist útrunnin lyf á staðnum.

7. Neytendavernd

7.31. Rekjanleiki

Tilvísun: Reglugerð nr. 916/2012 um merkingar búfjár, 5. gr. reglugerðar nr. 103/2010 (852/2004/EB).

7.31.1. Merking gripa

Skylt er að einstaklingsmerkja sauðfé og geitfé. Lömb og kið skal merkja með forprentuðu merki (lamba-/kiðamerki) innan 30 daga frá fæðingu. Á merkjunum skal koma fram IS-einkennisstafir Íslands, bæjarnúmer skv. landsmarkaskrá og lambanúmer innan hjarðar. Heimilt er að notast við merki án IS-einkennisstafa Íslands en gripurinn skal þá endurmerktur fyrir 6 mánaða aldur.

7.31.2. Hjarðbók

Hjarðbók skal uppfærð reglulega og gefa sem réttasta mynd af hjörðinni. Rekstraraðilar bera alltaf ábyrgð á að hjarðbók sé rétt, hvort sem þeir annast skráningar sjálfir, gegnum Fjárvís eða láta upplýsingar berast gegnum skýrsluhaldið. Þeir sem ekki eru þátttakendur í skýrsluhaldi Bændasamtakanna skulu geta framvísað hjarðbók á hvaða formi sem þeir halda hana.

7.31.3. Úrbætur

Ef ekki hefur verið gripið til úrbóta í kjölfar athugasemda eftirlitsaðila:

- Undir þessum lið eru metnar þær úrbætur sem gerðar eru á viðkomandi eftirlitsstað.
- Ef athugasemd sem gerð hefur verið við skoðunaratriði í skoðun hefur ekki verið lagfærð við eftirfylgni eða næsta reglubundna eftirlit, skoðast það sem **alvarlegt frávik** undir þessum lið.

Í því skyni að uppfylla allar kröfur sem til þeirra eru gerðar skulu rekstraraðilar framkvæma úrbætur innan tiltekinna fresta og laga þau atriði sem voru ekki í lagi við fyrri skoðanir. Viðhalds-/úrbótaáætlun sem inniheldur eðlilega tímafresti og er virk, telst vera jafngild því að úrbætur hafi verið gerðar hvað varðar dóm.

Mat á athugasemd:

Dómur í þessu skoðunaratriði er alltaf Alvarlegt frávik.

IV. Þáttur - Dýravelferð

1. Inngangur

1.1. Lagagrunnur

Lög nr. **38/2013** um búfjárhald, lög nr. **55/2013** um velferð dýra og lög nr. **25/1993** um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og reglugerð nr. **1066/2014** um velferð sauðfjár og geitfjár eru lögð til grundvallar í IV. þætti eftirlitshandbókarinnar.

Við skoðun sérhvers skoðunaratriðis skal skrá allar athugasemdir. Mat á athugasemd sem kemur fram í hverju skoðunaratriði skal alltaf haft til viðmiðunar en er ekki tæmandi listi yfir þær aðstæður sem geta komið upp við eftirlit.

1.2 Mat á athugasemdum við skoðunaratriði

Athugasemdir geta fengið þrenns konar vægi skv. eftirfarandi:

A = Alvarlegt frávik *er dómur sem þýðir að ákvæði laga og/eða reglugerðar eru brotin, þannig að afleyðing brotsins hefur haft eða mun hafa alvarleg líkamleg og/eða andleg áhrif á dýrið, þó svo dýrið geti náð bata. Ef ekki er bætt úr mun vörslusviptingu beitt og hámarks frestur til úrbóta er einn mánuður.*

F = Frávik *er dómur sem þýðir að ákvæði laga og/eða reglugerðar eru brotin, þó þannig að afleyðing brotsins hefur ekki haft eða mun ekki hafa alvarleg líkamleg og/eða andleg áhrif á dýrið.*

LS = Lagfært á staðnum *þýðir að ákvæði laga og/eða reglugerða eru ekki uppfyllt og að úrbætur voru gerðar í viðurvist eftirlitsmanns eða svo smávægileg athugasemd að augljóst þykir að úrbætur verði gerðar strax að lokinni skoðun.*

ÚÁ = Sett á úrbótaáætlun:
Þegar athugasemd sem er ***fyrir á skýrslu*** *og búið er að setja á úrbóta- og/eða viðhaldsáætlun er merkt við „Sett á úrbótaáætlun“, auk þess er sett inn dagsetning á hvenær fyrirhuguðum úrbótum eða viðhaldi verði lokið.*

8. Dýrasjúkdómar

8.45. Smitvarnir

Tilvísun: 13. og 25. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, 4., 6., og 12. gr. reglugerðar nr. 916/2012 um merkingar búfjár, 5. gr. reglugerðar nr. 911/2011 um garnaveiki og varnir gegn henni og 12. gr. reglugerðar nr. 1066/2014 um velferð sauðfjár og geitfjár, 12. og 19. gr reglugerðar 1060/2009/EB.

8.45.1. Kaup og sala gripa

Fylgjast skal með því á sýktum svæðum hvort í hjörðinni séu gripir frá öðrum bæjum innan sama hólfs. Líklegast er að þetta séu hrútar og því gott að hafa þetta í huga þegar hrútarnir eru skoðaðir.

8.45.2. Smitgát á býlinu

Kanna hvort smitgá sé sinnt með tilliti til hreinleika í húsum og aðstöðu til þrifa. Við inngang í fjárhús eða geitahús skal vera til staðar aðstaða til handþvotta og hreinsunar á skófatnaði. Að öðrum kosti fari þjónustuaðilar og gestir í hlífðarfatnað og skó.

Vanmetafé og sjúkt fé skal skilið frá öðru fé. Alvarlega smitsjúkdóma eða grun um slíka skal ávallt tilkynna viðkomandi héraðsdýralækni.

8.45.3 Önnur dýr í sama rými

Nautgripir, svín og alifuglar mega ekki vara í sama rými og sauðfé vegna smithættu (fuglaberklar, salmonella, garnaveiki, illkynja slímhúðarbólga o.fl.). Ekki er gerð athugasemd við það ef nautgripir og sauðfé eru höfð í sama rými og fullnægjandi skil eru á milli, þannig að gripir nái ekki saman og skítur fari ekki á milli stíanna. Aldrei er ásættanlegt að nautgripir og sauðfé í sama rými éti úr sömu jötu.

8.45.4. Bólusetning gegn garnaveiki

Eigandi/umráðamaður sauðfjár og/eða geita á svæðum sem tilgreind eru í viðauka I við reglugerð nr. 911/2011 um garnaveiki og varnir gegn henni, skal láta bólusetja öll ásetningslömb/kið til varnar garnaveiki á tímabilinu frá 15. ágúst til 31. desember ár hvert.

9. Velferð

9.41. Skipulag/þekking/þjálfun/hæfni

Tilvísun: 4. gr. reglugerðar nr. 1066/2014.

9.41.1. Verklag/þekking og geta

Umráðamaður sauðfjár/geitfjár skal sjá til þess að hver sá sem ber ábyrgð á umönnun kinda eða geita í hans eigu, hafi hæfni til þess, þekkingu á umönnun og þörfum dýranna og á lögum og reglum um sauðfjár- og geitfjárhald og hafi líkamlega og andlega getu til þess að annast dýrin.

9.42. Byggingar

Tilvísun: 5., 6., 14., 15., 16 gr. og II viðauki reglugerðar nr. 1066/2014.

9.42.1. Gólf

Gólf skal vera úr traustu efni og með yfirborði sem auðvelt er að þrífa og sótthreinsa. Frágangur skal vera þannig að tryggt sé að fé festi ekki fætur eða skaði sig að öðru leyti. Gólf skulu ekki vera hál, þannig að gripir geti fótað sig án erfiðleika.

Rimla- og rifubreidd skal vera í samræmi við viðauka I B, þ.e. rimlabreidd að lágmarki 50 mm, rifubreidd að hámarki 22 mm fyrir fullorðið fé. Hámarks rifubreidd fyrir ær með lömb, gemlinga og huðnur með ungviði er 20 mm.

Gólfristar skulu hafa slétt yfirborð. Óheimilt er að nota gólfefni með skörpum köntum eða bryggjum sem skaðað geta klaufir eða fótleggi dýranna. Hámarksbreidd gata skal vera 20 mm.

Þar sem tað er á gólfi skal því haldið þurru.

Í stíum fyrir geitfé er æskilegt að til staðar séu upphækkaðir pallar í mismunandi hæð sem það getur farið upp á og lagst.

Í reglugerð segir að þar sem málmristar eða málmgrindur eru á stíugólfum skal 40% af gólffletinum, hið minnsta, vera með legusvæði úr timbri eða öðru efni með samsvarandi eða minni varmaleiðni en timbur en frestur til að uppfylla skilyrði þetta rennur út **31. desember 2022**. Því er ekki ástæða til að gefa frávik á þetta skoðunaratriði strax en full ástæða til að minna bændur á þetta atriði reglugerðarinnar.

9.42.3. Sérstakar stíur

Gemlinga skal skilja frá fullorðnu fé. Vanmeta fé skal haldið sér (ekki saman við gemlinga).

Auðvelt skal vera að koma upp sjúkrastíu með þurru og hreinu undirlagi.

9.43. Búnaður

Tilvísun: 6., 14., 15. og 16. gr. reglugerðar nr. 1066/2014.

9.43.1. Innréttingar

Skoða innréttingar almennt (milligerði, fóðurgrindur o.fl.). Eru slysagildrur? Er viðhald viðunandi?

Innréttingar skulu þannig úr garði gerðar að þær hefti ekki eðlilegar hreyfingar dýranna. Í húsum skulu vera garðar, jötur eða gjafagrindur til fóðrunar sbr. viðauka I.

9.43.2. Brynningartæki – aðgangur að vatni

Vatn ferskt og ávallt aðgengilegt

Allt fé skal ávallt hafa nægan aðgang að hreinu og ómenguðu drykkjarvatni. Sérstaklega skal sjá til þess að sjúk dýr og ungviði hafi aðgang að fersku vatni eftir þörfum. Athuga skal hvort brynningartæki virki sem skyldi og hvort þau séu hreinsuð reglulega. Við athugun skal hafa í huga hvort vatn sem kemur úr brynningartækjum sé tært eða mengað vegna t.d. gamalla lagna. Brynningartæki skulu staðsett á þann hátt að allir gripir geti auðveldlega drukkið úr þeim og hætta á mengun sé í lágmarki. Öllum gripum skal vera hægt að brynna á húsi.

9.43.3. Lýsing

Í öllum húsum þar sem sauðfé og geitfé er hýst skal tryggt að gæti dagsbirtu. Ljós skulu þannig staðsett að vel sjáist til allra gripa í húsinu án þess að þau valdi gripunum óþægindum eða hættu. Að öllu jöfnu skal birta í fjárhúsum fylgja dægrum og árstíma. Þó er heimilt að hafa sólarhringslýsingu á burðartíma og daufa næturlýsingu á öðrum tímum.

9.43.4. Loftgæði og loftræsting

Loftræsting

Kanna skal hegðun og líðan gripanna (s.s. öndun, hósta). Einnig hvort þau sæki í glugga eða dyragættir eða önnur þau atriði í hegðun dýranna sem benda til vanlíðunar sem rekja má til lélegra loftgæða.

Við mat á loftgæðum og afköstum loftræstingar skal einnig meta lykt og líta eftir ummerkjum um raka og mæla hitastig ef þörf er á. Muna að kanna hvort einhversstaðar sé dragsúgur, (s.s. við dyr, glugga eða frá haughúsi). Ef loftræsting er léleg má oft finna það sem óþægindi í hálsi við öndun en það er sökum ammoníaks sem ertir öndunarveg. Við slíkar aðstæður skal mæla magn ammoníaks við gólfflöt. Það má ekki vera hærra en 20 ppm.

Hitastig

Kanna hegðun og líðan gripanna, hvernig þeir liggja, hvort þeir hnappi sig saman, leita kælingar eða önnur þau atriði í hegðun dýranna sem benda til vanlíðunar sem rekja má til of mikils eða of lítils hita. Gæta skal sérstaklega að lofthita þegar fé er nýrúið. Skal þá horft til þess hvort húsið sé einangrað og þétt. Í flestum tilfellum er ekki hægt að halda óeinangruðum húsum nægilega hlýjum fyrir nýrúið fé þegar frost er meira en 7 gráður.

Rakastig

Skoða skal ummerki um raka í húsum, mæla raka ef þörf er á. Fylgjast skal einnig með því hvort að skepnur, veggir og innréttingar séu rakar vegna lélegrar loftræstingar. Hóstandi fé?

9.43.5. Slysavarnir

Gengið skal frá opum í taðgeymslur þannig að ekki sé hætta á að skepnur geti fallið þar niður í. Ganga skal þannig frá fóðri og öðrum efnum í geymslum að skepnur komist ekki í það.

9.44. Aðbúnaður, umhirða og velferð

Tilvísun: 5., 6., 12., 14., 15., 16. og 17. gr. og viðaukar I og II reglugerðar nr. 1066/2014 um velferð sauðfjár og geitfjár og lög nr. 55/2013 um velferð dýra.

9.44.1. Fóðrun

Fóður og fóðrun gripa

Fóður skal að magni, gæðum og efnainnihaldi fullnægja þörfum fjárins/geita til eðlilegs vaxtar, viðhalds og framleiðslu. Á húsi skal skilja gemlinga og vanmeta fé frá fullorðnu fé til að þess að það afétist ekki.

Fóðrunarbúnaður skal þannig útbúinn, uppsettur og viðhaldið að hætta á mengun sé í lágmarki. Virkni búnaðar og fóðuraðstaða skal yfirfarin reglulega.

Við gjafagrindur til sjálffóðrunar skal vera rými í einu fyrir a.m.k. **þriðjung** þeirra gripa sem hefur aðgang að þeim. Þær skulu fylltar jafnóðum og þær tæmast og tryggt skal að sauðfé og geitur hafi stöðugan aðgang að góðu fóðri.

Miða skal við að holdastig fjár með eðlileg hold sé á bilinu 2 – 4. Sjá viðauka II.

9.44.2. Hreyfigeta

Hreyfigeta og vellíðan gripa

Kindur eða geitur skulu ekki tjóðraðar að staðaldri, hvorki úti né inni. Hinsvegar skal taka tillit til aðstæðna ef t.d. er um að ræða hrúta og hafra á fengitíð eða ær sem verið að er að venja undir.

9.44.3. Eigið eftirlit

Reglubundið eftirlit og umönnun sjúkra og slasaðra gripa

Tryggja skal velferð allra dýra með því að líta reglulega til með þeim og bæta úr því sem ábótavant er. Daglegt eftirlit skal haft með sauðfé og geitfé á húsi. Gætt skal að heilsufari, hreinlæti, fóðrun, fóðri, vatni og öðrum umhverfisþáttum og tækjabúnaði sem geta haft áhrif á líðan gripanna. Sérstakt og tíðara eftirlit skal haft með nýfæddu, sjúku og slösuðu fé. Sama á við um ær og huðnur nálægt burði.

Fé sem haldið er úti yfir vetur skal haft í fjárheldum girðingum þannig að eftirlit sé framkvæmanlegt fram yfir sauðburð.

Sjúk og slösuð dýr skal færa í sérstaka sjúkrastíu með þurru, hreinu og mjúku undirlagi. Sýni einstök dýr grunsamleg sjúkdómseinkenni eða vanþrif skal haft samband við dýralækni varðandi meðferð og meðhöndlun eða frekari rannsóknir. Aflífa skal dýr ef þau þjást vegna meiðsla eða sjúkdóma sem ekki er unnt að lækna. Í slíkum tilvikum skal hafa samband við héraðsdýralækni sem metur hvort taka skuli sýni til riðuskimunar. Mikilvægt er að minna á þetta við eftirlit.

9.44.4. Hreinleiki dýra / legusvæða

Gripir hreinir og þurrir – undirlag hreint og þurrt

Fénu skal haldið hreinu. Undirlag gripanna skal vera hreint og þurrt.

9.44.5. Klauf- og hornhirða

Klauf- og hornhirða

Gæta skal að vexti horna svo að þau valdi ekki meiðslum og klaufir skulu vera vel hirtar og klipptar eftir þörfum.

9.44.6. Rými og þéttleiki í stíum / legurými

Rými í húsum

Gólfrými skal vera nægilegt til að allt fé geti legið samtímis. Fyrir fullorðið fé og fengna gemlinga þarf 0,7 fm^2 og 40 cm jöturými.

Fyrir gemlinga 12 mánaða og yngri þarf 0,6 fm^2 og 36 cm jöturými.

Fyrir unglömb eftir þyngd að 30 kg, þarf 0,2-0,4 fm^2 gólfrými.

Burðarstíur (viðmiðun 1 m x 1 m) þurfa að vera um 1 fm^2.

9.44.7. Útivist

Aðgengi að beit og drykkjarvatni

Öllu fé skal tryggður aðgangur að beit í 12 vikur hið minnsta á tímabilinu frá 1. maí til 30. september. Gæta skal að því að næringarþörf sé fullnægt og ekki sé of þröngt í högum. Tryggja skal að fé á beit hafi ávallt nægan aðgang að hreinu og ómenguðu drykkjarvatni.

Geitur skulu geta leitað skjóls fyrir úrkomu.

9.44.8. Hljóðmengun

Hljóðmengun, hávaði

Mikill stöðugur eða reglubundin hvell- eða högghljóð eða annar óþægilegur hávaði (t.d. frá loftræstingu, rafmagnstækjum).

9.44.10. Húð og ull

Féð skal rúið a.m.k. einu sinni á ári. Þegar fé er rúið að vetri til skal það hýst í skjólgóðri byggingu, þess gætt að það ofkælist ekki og skal einnig tryggt að fóðrun þess sé góð.

9.44.12. Aðgerðir

Dýralæknum er einum heimilt að gelda karldýr og afhorna kindur og geitur þannig að fari inn í sló. Skylt er að nota deyfingu við þær aðgerðir og nota skal langverkandi verkjalyf þar sem það á við. Matvælastofnun getur krafist upplýsinga um allar aðgerðir sem hafa verið gerðar á sauðfé eða geitfé sem eru á búinu eða koma til slátrunar, þar með talið hornatöku og geldingar. Þetta atriði er ekki hugsað sem reglubundið skoðunaratriði við eftirlitsheimsóknir en eftirlitsmaður er vakandi fyrir því ef hann verður var við dýr sem búið er að framkvæma aðgerðir á og skal þá spyrja hvort dýralæknir hafi framkvæmt verkið. Einnig er hægt að skoða fjölda skráðra sauða eða geldinga í Bústofni og spyrja út í það.

9.44.13. Aflífun

Aflífa skal dýr ef þau þjást vegna meiðsla eða sjúkdóma sem ekki er unnt að lækna. Í slíkum tilvikum skal hafa samband við héraðsdýralækni sem metur hvort taka skuli sýni til riðuskimunar. Mikilvægt er að minna á þetta við eftirlit. Spyrja umráðamann út í aflífunaraðferð. Heimilt er að aflífa fé með boltabyssu eða byssu með kúlu. Skotið skal í hnakka og dýrið blóðgað strax með skurði í gegnum báðar hálsslagæðar. Heimilt er að skjóta á færi ef ekki næst í dýrið. Heimilt er að aflífa lömb og kið yngri en 14 daga með banvænu höggi í hnakka og blóðgun strax á eftir.

9.80. Úrbætur

Tilvísun: 35. gr. og 44. gr. X. kafla í lögum nr. 55/2013 um velferð dýra.

9.80.1. Úrbætur

Ef ekki hefur verið gripið til úrbóta í kjölfar athugasemda eftirlitsaðila.

- Undir þessum lið eru metnar þær úrbætur sem gerðar eru á viðkomandi eftirlitsstað.
- Ef athugasemd sem gerð hefur verið við skoðunaratriði í skoðun hefur ekki verið lagfært við eftirfylgni eða næsta reglubundna eftirlit, skoðast það sem **Alvarlegt frávik** undir þessum lið.

V. Þáttur - Gæðastýring

Matvælastofnun hefur ekki almennt eftirlit með að skilyrðum gæðastýringar sé fullnægt.

Skv. breytingu á reglugerð nr 511/2018 um gæðastýringu í sauðfjárframleiðslu, 18. gr, fer stofnunin með eftirlit sem hér segir:

Matvælastofnun annast eftirlit með þeim skyldum framleiðanda sem tilgreindar eru í eftirfarandi greinum reglugerðarinnar:

7. gr – *Aðbúnaður og meðferð.*

Sauðfé skal njóta fullnægjandi aðbúnaðar, meðferðar og fóðrunar. Uppfylla skal kröfur um húsaskjól, aðbúnað og umhirðu sauðfjár til samræmis við ákvæði laga nr. 38/2013 um búfjárhald og laga nr. 55/2013 um velferð dýra.

8. gr. - *Merkingar búfjár.*

Fjárstofn skal merktur samkvæmt reglugerð nr. 916/2012 um merkingar búfjár. Einnig skal fé eyrnamarkað skv. 63. gr. laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl.

11. gr. - *Bólusetning gegn garnaveiki.*

Uppfylla skal skyldur til bólusetningar samkvæmt reglugerð nr. 911/2011 um garnaveiki og varnir gegn henni, ásamt síðari breytingum.

Uppfylli framleiðandi ekki skyldur sínar samkvæmt framangreindum ákvæðum skal Matvælastofnun veita frest til úrbóta. Ef frávik er skráð í annað sinn á sama skoðunaratriði telst framleiðandi ekki hafa brugðist við úrbótakröfu Matvælastofnunar og skal stofnunin senda ráðuneytinu tilkynningu um slíkt. Í kjölfarið tekur ráðuneytið ákvörðun um hvort greiðslur til framleiðenda falli niður vegna brota á ofangreindum ákvæðum.

Þegar Matvælastofnun tekur stjórnvaldsákvörðun á grundvelli 35. – 38. gr. laga um velferð dýra nr. 55/2013 til að knýja fram úrbætur hjá framleiðanda eru skilyrði gæðastýringar ekki uppfyllt. Í slíkum tilfellum er ekki skilyrði að Matvælastofnun veiti frest til úrbóta og skal stofnunin senda ráðuneytinu tafarlaust tilkynningu um slíkt. Í kjölfarið tekur ráðuneytið ákvörðun um hvort greiðslur til framleiðenda falli niður vegna brota á ofangreindum ákvæðum.